

Fundur 30.3.2026 Guðrún Helgadóttir

Guðrún Helgadóttir, ætlum við að venju að loka fundinum.

*Heil og sæl.*

Já, kom þú sæll og þið allir.

*Já blessuð. Helga hefur ekki ætlað að tala við okkur núna ?*

Helga fagra ?

*Hún talaði um það síðast.*

Já það er rétt, það er, Helgi Pjeturss ætlaði að koma líka að koma í sambandið og fleiri, en það eru aðrar brautir sem þetta virðist fara eftir hverjir komast að, en hún talaði hér til okkar fyrr í kvöld og hún talar mikið um lífið á framlífs hnöttunum, hún fjallar um það hvernig þau halda sér orku miklum og hvað þau eru að sýsla við.

Og ýmislegt í fortíðinni og reyni nú að tengja ykkur við hana, skynja orkuna, mikil orkan.

*Ég finn hana hún er fín.*

Já já sannarlega og hún er komin svo langt í því að tengjast ykkur beint án þess að þurfa fundina til þess og ýmsir fleiri hér sem eru svo orkumikil að þau geta náð til ykkar beint í ýmsum kringumstæðum.

Olgeir biður að heilsa, hann er nú ekki staddur á okkar hnetti, en hann er oft að tala við okkur og spyrja okkur um ættfræði og fá staðfestingu á rannsóknum sínum fræðum og hann er tengiliður já milli okkar og þeirra.

Og og er oft í hópnum hjá Sveini Haraldssyni og biður að heilsa.

*Takk fyrir það, við biðjum að heilsa á móti.*

Við erum í blómabrekkunni og það eru svo margir hér í hlíðinni að fólkið þarf að setjast á fjallshlíðina, stöðin er orðin full fyrir löngu og eru hér ekki nógu mörg fjöll hér í grendinni til að taka við fólkinu.

En eru þó allmargir hér sem hafa lært að svífa og veitist það létt og þurfa því ekki sæti í salnum og eru hér nálægt.

Já Helga fagra, Helgi Pjeturss er orðinn nokkuð öflugur, Þorsteinn frá Úlfstöðum biður að heilsa, er hann afi þinn ?

*Það er afi minn.*

Mjög öflugur orðinn.

*Það er afi minn.*

Og Jón ?

*Það er langafi minn.*

Já, hann er kominn enn lengra á annan hnött og fylgist með.

*Já er hann kominn þangað, hann var það ekki síðast.*

Já já munu reyna að efla þig og styrkja.

*Já takk kærlega fyrir það.*

Og já við hvetjum ykkur til að hugsa til Helgu fögru og ýmissa fornmanna, munu geta veitt orku.

En við kveðjum ykkur þá að sinni og vonum að fundur verði aftur bráðlega og getum haldið áfram.

En munum halda áfram að magna ykkur eins og við höfum sagt áður.

Verið þið sælir.

*Vertu sæl og blessuð.*